

Starfsreglur og samþykktir fyrir Samfélagssjóð Hornafjarðar

1. gr.

Samfélagssjóður Hornafjarðar er byggður upp til að styrkja í heimabyggð, umsækjendur verða að haf lögheimili í sveitarfélaginu Hornafirði.

2. gr.

Sjóðurinn skal skipaður 3 – 5 stjórnendum hvert starfsár. Stjórnendur koma að öllu leyti frá þeim félagasamtökum sem leggja sjóðnum lið með fjárhagsstyrkjum.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er fyrst og fremst að bregðast við atvikum sem kalla á fjárútlát þeirra aðila sem ekki hafa burði til að standa undir þeim tímabundið. Þegar sótt er um fjárhagsaðstoð þarf að sækja skriflega um á þar til gerðum eyðublöðum og skila með ákveðnum fyrirvara um umsóknarfrest. Allar umsóknir eru teknar fyrir og þeim svarað.

4. gr.

Samkvæmt 3. gr. er úthlutun úr sjóðnum að öllu jöfnu um jól og páska, en einnig getur komið til úthlutunar í annan tíma ef brýn nauðsyn er talin til. Úthlutun er að öllu jöfnu ekki í formi peningagreiðslu.

5. gr.

Samfélagssjóður Hornafjarðar getur, ef tilefni er til og staða sjóðsins leyfir, veitt styrki sem byggja upp samfélagslega hagsmuni sveitarfélagsins, svo sem styrki til einstaklinga í námi eða starfi, félagasamtaka eða verkefna sem miða að því að styrkja samfélagið. Áðurgreindir styrkir verða auglýstir sérstaklega lausir til umsóknar.

6. gr.

Sjóðurinn styrkir ekki félög eða samtök þar sem gert er upp á milli fólks á grundvelli kynþáttar, trúar, kyns eða kynhneigðar.

7. gr.

Stjórnendur Samfélagssjóðsins skulu halda fund eigi sjaldnar en þrisvar á ári og boðar formaður sjóðsins til fundar. Halda skal fundargerðabók um umsóknir og afgreiðslu sjóðsins.

8. gr.

Sjóðurinn birtir í lok hvers árs uppgjör þar sem fjárhagsstaða hans er sýnd ásamt inn- og útstreymi fjármuna. Allir aðilar sem leggja honum til fé skulu fá aðgang að ársuppgjörinu. Í ársuppgjöri skal ekki tilgreint hvernig einstakar umsóknir hafa verið afgreiddar. Miða skal við að eigið fé sjóðsins fari ekki undir 1 milljón króna.

9. gr.

Með undirskrift sinni veitir umsækjandi stjórn sjóðsins samþykki sitt til að afla upplýsinga hjá félagsmálayfirvöldum sveitarfélagsins um fjárhagsaðstæður umsækjanda. Á sama hátt áskilur stjórn sjóðsins sér rétt til að veita félagsmálayfirvöldum sveitarfélagsins samskonar upplýsingar sé þess óskað. Allar umsóknir er farið með sem trúnaðarmál.

Samþykktar í júní 2012 af stjórn Samfélagssjóðs.